

# Stjórnarfundur TSÍ



**Dags. 10. maí 2011, kl. 20:00 á skrifstofu TSÍ**

**Mættir: Helgi Þór Jónasson, Gunnar Þór Finnbjörnsson, Þrándur Arnþórsson, Bragi L. Hauksson og Raj Bonifacius. Bæði stjórn og varastjórn voru boðuð fundinn. Bragi skrifaði fundargerð í forföllum Júlíönu Jónsdóttur.**

## **Fundarefni:**

- 1. Tennislandsliðið átti að fá búninga frá ASICS, en það brást. Raj útvegaði búninga frá Wilson með stuttum fyrirvara og var kostnaður við það um 40 þús.kr.**
- 2. Samþykkt að hvetja til þátttöku tennisleikara, einkum ungmenna, í Lottóauglýsingu sem stendur til að gera. Tilkynning verður sett á vef Tennissambandsins.**
- 3. Þrándur tekur að sér gjaldkerastarfið og gengið var frá alls kyns pappírnum á fundinum sem nauðsynlegir eru vegna færslu á prófkúru til Þrándar frá fyrri gjaldkera.**
- 4. Fræðslu-, þjálfara- og útbreiðslunefnd starfa áfam sem ein heild: Andri, Anna, Arnar, Carola, Luigi, Jónas, Jón Axel, Raj, Sandra Dís, Sigurlaug og Soumia. Þessi hópur ásamt landsliðsnefnd komi að uppfærslu afreksstefnu og 5 ára áætlunar. 25 þús.kr. af fé til landsliðsnefndar og 25 þús.kr. af fé til fræðslu-, þjálfara- og útbreiðslunefndar fari í kostnað vegna þessa.**
- 5. Umræður um starf og hlutverk landsliðsnefndar og ráðstöfun fjármuna. Ákveðið að ræða málin betur á næsta fundi.**
- 6. Rætt var að upp hefði komið núningur vegna þess að leyfi til Arnars frá knattspyrnuliði hans, til keppnisferðar með tennislandsliðinu, virtist hafa verið afturkallað. ÍSÍ aðstoðaði við lausn málsins og Arnar fór út með landsliðinu.**
- 7. Helgi hvetur til þess að TSÍ læri af badmintonsambandinu varðandi umgjörð móta. Góð umgjörð og skipulag auðveldi**

**samskipti við fjölmiðla og geri beinar útsendingar frá mótum mögulegar.**

**8. Stefnt að því að hafa úrslitaleiki Íslandsmóts í ágúst í beinni útsendingu.**

**9. Mót sumarsins.**

**Þróttur verður með skemmtimót á Uppstigningardag, 2. júní, 10:00-14:00**

**Stórmót Þróttar verður 24.-26. júní.**

**Víkingsmótið verður 8.-10. júlí.**

**Vonast er til að Fjölirnir haldi „vígslumót“ á nýjum völlum sínum.**

**Íslandsmót verða á völlum félaganna og vonast til þess að það efli starfið:**

**Meistaraflokkur á völlum TFK, 10.-14. ágúst.**

**Börn og unglingar á völlum Víkings, 16.-21. ágúst.**

**Öðlingar á völlum Þróttar, 16.-21. ágúst.**

**10. Tennis Europe mót. Andri og Raj kynni fyrir fjölmiðlum. 14 ára og yngri verða á völlum TFK. 16 ára og yngri verða á völlum Víkings.**

**11. Ólympiuleikar æskunnar. Óskað eftir að Andri sendi upplýsingar til formanns TSÍ.**

**12. Þróunarmót verður í Tékklandi. Flest í tengslum við mótið er í boði Tennis Europe, en sótt hefur verið um stuðning til TSÍ vegna þess sem á vantar fyrir Önnu Grönhólm. Rætt var almennt um styrki/stuðning Tennissambandsins. Ákveðið að reyna að setja ramma og reglur um svona stuðning, en ekki bara taka ákvörðun um hvert tilvik fyrir sig. Mikilvægt að hæfileikaríkir krakkar með heilbriggt viðhorf til íþróttarinnar séu studdir hæfilega. Þeir sem fá stuðning fá samkeppnisforskot og því er mikilvægt að krakkar skynji að stuðningur sé sanngjarn og þau sem standa sig eigi möguleika á stuðningi. Það á enginn að verða áskrifandi að styrkjum.**

- 13. Dómaramál gætu verið í uppnámi, þar sem dómara eru að flytja af landi brott. Raj og Óskari falið að skoða þau mál og finna auk þess línudómara.**
- 14. Rætt var um kostnað við netbókshald. Þrándur skoðar í samráði við Ingólf.**

**Fundi slitið um kl. 21:40**